



Umsögn Alþjóðadýravelferðarsjóðsins(IFAW)um tillögu til þingsályktunar um mat á heildarhagsmunum vegna hvalveiða.

Þingskjal 34 – 34. Mál.

Alþjóðadýravelferðarsjóðurinn fagnar framkominni þingsályktunartillögu sem um er fjallað og lýsir stuðningi við hana. IFAW samtökin telja brýnt að úr því verði skorið hverjir hinir raunverulegu efnahagslegu hagsmunir eru af hvalveiðunum nú þegar aðeins 10% af hrefnukvótanum veiddist á síðasta ári og útflutningur á afurðum úr langreyðum er umtalsverðum erfiðleikum háður. Ljóst er að tekjur af ferðaþjónustu hafa aldrei verið meiri og frá árinu 2009 hefur ferðamönnum fjölgað um meira en 100% eða úr 493.900 og í 997,556 árið 2014 samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu.

Hvalaskoðun hefur verið meðal allra vinsælustu afþreyingargreina í ferðaþjónustu en árið 2014 fóru alls 230.000 farþegar í hvalaskoðun eða hartnær ¼ af heildarfjölda ferðamanna. Fyrir liggur að hvalaskoðunin í Reykjavík telur að hrefnuveiði í Faxaflóa ógni tilverugrundvelli sínum og í desember 2014 ályktuðu allir flokkar í borgarstjórn Reykjavíkur að griðarsvæði hvala í Faxaflóa skuli stækkað. Þá hafa Samtök ferðaþjónustunnar ítrekað ályktað gegn hvalveiðum.

IFAW telja fulla ástæðu til að mat á heildarhagsmunum vegna hvalveiða taki einnig til sögulegra staðreynda og leggja til að matið feli í sér sagnfræðilega úttekt. Alþingi Íslendinga, sem fór með heimastjórn, var eitt fyrst þjóðþinga til að samþykkja algjört bann við hvalveiðum við Ísland árið 1915 að kröfu fólks víða um austan- og norðanvert landið. Það bann stóð til 1928 þegar því var aflétt að kröfu Norðmanna og Dana. Atvinnuveiðar í viðskiptaskyni hófust ekki að neinu marki fyrr en árið 1948 með tilkomu Hvals hf. en þá höfðu erlend ríki stundað stórhvalaveiðar við landið í rúm 300 ár. Þetta skiptir einnig máli, að mati IFAW, við mat á heildarhagsmunum Íslands þegar kemur að hvalveiðum.

F.h. Alþjóðadýravelferðarsjóðsins(IFAW)
Sigursteinn Másson fulltrúi IFAW á Íslandi

Óskað hefur verið eftir umsögn Dýraverndarsambands Íslands um þingsályktunartillögu um mat á heildarhagsmunum vegna hvalveiða.

Félagið leggur áherslu á að við mat á heildarhagsmunum verði tekið tillit til dýravelferðarsjónarmiða og vísar félagið til þess að rannsóknir hafi sýnt að 16% hvala drepast ekki í fyrsta skoti og þarf að skjóta aftur. Dauðastríð þessara dýra varir allt að 15 mínútur.

Við teljum óverjandi út frá dýravelferð að stunda veiðar með þessum hætti. Við minnum á að 16% misfarinna skota við slátrun annarra dýra og með þetta löngu dauðastríði væri talið alvarlegt brot á dýravelferðarlögum.

Virðingarfyllt,
Stjórn Dýraverndasambands Íslands



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12.03.2015
Tilv. 21.9.1/HVA
JS/sj

Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mat á heildarhagsmunum vegna hvalveiða 144. löggjafarþing 2014-2015. Þingskjal 34 - 34. mál.

Vísað er í erindi Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 27. febrúar 2015 um ofangreint málefni.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að ein helsta ástæða fyrir refsiaðgerðum BNA er að tegundir þær sem Íslendingar veiða, hrefna og langreyður, eru á lista CITES samningsins yfir tegundir í útrýmingarhættu, en Hafrannsóknastofnun fer með faglegt mat (scientific authority) á framkvæmd samningsins hér á landi varðandi sjávarspendýr. Mikilvægt er að hafa í huga að hvalir njóta sérstöðu innan flokkunarkerfis CITES. Í stað þess að hver tegund eða stofn sé flokkaður út frá vísindalegum viðmiðum eru allir hvalir sem falla undir Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC) í CITES viðauka I meðan bann IWC við hvalveiðum í atvinnuskyni er í gildi. Þar á meðal er norðhvalur (Grænlandssléttbakur), sem Bandaríkjamenn veiða.

Eins og kunnugt er hefur umræddu hvalveiðibanni IWC, sem upphaflega átti að ljúka árið 1990, verið viðhaldið í krafti meirihluta hvalveiðilandstæðinga innan ráðsins þrátt fyrir að vísindanefnd IWC hafi árið 1991 lokið prófunum á afar varfærnu veiðistjórnunarkerfi (RMP), sem hefði engu að síður leyft takmarkaðar hvalveiðar t.d. á stofnum hrefnu og langreyði við Ísland. Þessi hunsun ráðsins á vinnu sinnar eigin vísindanefndar og flokkun CITES á hvöllum byggist því eingöngu á pólitískum en ekki vísindalegum forsendum. Í þessu samhengi má geta þess að samkvæmt nýlegri flokkun IUCN (International Union for Conservation of Nature), telst langreyður í Norður Atlantshafi hvorki vera í útrýmingarhættu (endangered) né á viðkvæmu stigi (vulnerable) (sjá: <http://www.iucnredlist.org/details/2478/1>). Flokkun IUCN er almennt ráðandi varðandi flokkun CITES nema hvað varðar hvali eins og áður sagði.

Í greinargerð þingsályktunartillögu er því haldið fram að ósamæmi sé milli mats vísindanefndar IWC annars vegar og NAMMCO og Hafrannsóknastofnunar hins vegar á fjölda hrefna samkvæmt talningum Hafrannsóknastofnunar 2007. Þetta er á misskilningi byggt, en tölur IWC frá 2008, sem vitnað er til voru frumniðurstöður. Nú hefur vísindanefnd IWC samþykkt endanlegt mat, sem er það sama og notað hefur verið innan NAMMCO, þ.e. 20 834 hrefnur. Engu að síður er ljóst að mikil fækkun hefur orðið á íslenska landgrunnssvæðinu og fékkst það staðfest með aukatalningu árið 2009 þar sem fjöldinn var metinn tæplega 10 þúsund dýr.

Mikilvægt er að hafa í huga að þær tölur sem nefndar eru í greinargerðinni og hér að ofan vísa ekki til stofnstærðar, heldur eingöngu metins fjöldi hrefna á íslenska landgrunnssvæðinu. Stofnsvæðið er mun stærra og benda nýjustu rannsóknir til að allar hrefnur í Norður Atlantshafi tilheyri einum og sama stofni. Fækkun á afmörkuðum svæðum innan stofnsvæðisins, s.s. á íslenska landgrunninu, jafngildir því ekki minnkun í stofnstærð og getur allt eins stafað af tilfærslum í útbreiðslu innan stofnsvæðisins. Því er ekki rétt að tala um hrefnustofninn við Ísland og breytingar á stofnstærðarmati heldur frekar um fjölda eða þéttleika hrefna á landgrunninu við Ísland. Þess skal getið að Hafrannsóknastofnun gerði grein fyrir fækkuninni strax og niðurstöður talninganna 2007 lágu fyrir og hefur síðan fjallað um hana, m.a. í árlegum skýrslum sínum um ástand nytjastofna sjávar. Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar hafa fjallað um hugsanlegar ástæður þessara breytinga og telja að þar ráði mestu miklar breytingar í umhverfi hafsins á umliðnum árum, m.a. hrun mikilvægra fæðutegunda hrefnu s.s. sandsílis.

Í greinargerð kemur fram að á árunum 1986-1989 hafi upphaflegar áætlanir gert ráð fyrir veiðum á allt að 200 dýrum á ári, en verið dregið úr þeim allt niður í 68 dýr árið 1989 vegna deilna við bandarísk stjórnvöld. Til skýringar skal þess getið að upphafleg áætlun gerði ráð fyrir veiðum á 80 hrefnum, 80 langreyðum og 40 sandreyðum á ári, en ekki kom til hrefnurannsóknanna og síðasta árið voru aðeins veiddar langreyðar, 68 dýr.

Að lokum skal tekið undir mikilvægi þess að við mat á heildarhagsmunum landsmanna sé stuðst við gögn og áreiðanlegar rannsóknir. Þá sé ekki einvörðungu viðfangsefnið að meta hvort hvalveiðar skipti máli fyrir jafnvægi í lífríki sjávar, heldur ekki síður hvort alfriðun hvalastofna leiði til minni afraksturs fiskistofnanna. Hafrannsóknastofnun er reiðubúin að koma að gerð úttektar á þessum og öðrum þáttum skýrslugerðar ef þess verður óskað.

F. h. Hafrannsóknastofnun


Jóhann Sigurjónsson

Hvalaskoðunarsamtök Íslands, IceWhale, styðja heilshugar að fram fari óháð mat á hagsmunum Íslands vegna hvalveiða í íslenskri lögsögu. Samtökin lýsa sig reiðubúin til að koma fram fyrir hönd fyrirtækja er starfa í greininni og veita aðstoð þegar kemur að upplýsingaröflun vegna þessarar útektar.

Bestu kveðjur f.h. IceWhale
Gísli Ólafsson, formaður s. 894 4076
María Gunnarsdóttir
Magnús Guðjónsson

Nefndasvið Alþingis,
Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. mars 2015
2015020033/42-1-3
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um mat á heildarhagsmunum vegna hvalveiða, 34. mál

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dags. 27. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um mat á heildarhagsmunum vegna hvalveiða, 34. mál. Tillagan felur í sér að Alþingi álykti að fela fjármála- og efnahagsráðherra að láta fara fram óháð mat á hagsmunum Íslands vegna hvalveiða í íslenski lögsögu þar sem reynt verður að meta sem flesta þætti s.s. sölu á hvalkjöti og þróun markaða, kostnað við kynningu af hálfu stjórnvalda vegna hvalveiðistefnunnar, áhrif hvalveiðistefnu stjórnvalda á afkomu ferðaþjónustu og sjávarútvegs og áhrif hvalveiða á stöðu Íslands á alþjóðavettvangi og á samskipti við einstök ríki.

Náttúrufræðistofnun tekur undir að full ástæða sé til að meta heildarhagsmuni Íslands vegna hvalveiða. Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktuninni fléttast efnahagslegir (og félagslegir) hagsmunir einstakra atvinnugreina vegna hvalveiða ótvírætt inn í afstöðu Íslands um vernd og nýtingu hvalategunda. Ber þar mest á að þessir hagsmunir eru notaðir sem rök fyrir því að „óþarfi“ sé að vernda hvali með sama hætti og önnur dýr hér innanlands og að Ísland gerði fyrirvara við flokkun hvalategunda meðal dýra í útrýmingarhættu sbr. CITES samninginn. Hér á landi kemur þetta m.a. fram í því að í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 eru hvalir og selir undanskildir. Náttúrufræðistofnun vill enn og aftur ítreka þá afstöðu stofnunarinnar um að full ástæða sé til að bæta lagasetningu um vernd og nýtingu sjávarspendýra og setja hvali og seli undir sömu lög og önnur spendýr.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson





Nattúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík


18. mars 2015.

[Mat á heildarhagsmunum hvalveiða](#) - 34. mál, þingsályktunartillaga, 144. löggjafarþing
2014—2015.

Nattúruverndarsamtök Íslands lýsa ánægju sinni með þessa þingsályktunartillögu um að fari

... óháð mat á hagsmunum Íslands vegna hvalveiða í íslenskri lögsögu. Metnir verði efnahagslegir og viðskiptalegir hagsmunir, þ.m.t. verðmæti útflutnings og þróun markaðar fyrir hvalkjöt, bæði hér heima og í Japan. Jafnframt verði metinn kostnaður við kynningu af hálfu stjórnvalda vegna hvalveiðistefnunnar og leitað áhlits fræðimanna, hagsmunaaðila og viðeigandi félagasamtaka um áhrif hvalveiðistefnu stjórnvalda á afkomu ferðaþjónustu og sjávarútvegs og áhrif hvalveiða á stöðu Íslands á alþjóðavettvangi og á samskipti við einstök ríki, einkum Bandaríkin. Ráðherra skili Alþingi skýrslu um hagsmunamatið í síðasta lagi fyrir lok mars 2015.

Í sínum tíma kom nokkuð á óvart þegar íslensk stjórnvöld leyfðu hvalveiðar á ný – fyrst í vísindaskyni og síðar til útflutnings. Þá hafði sala á hvalkjöti í Japan dregist mjög saman í um 4 áratugi þar á undan og engin ástæða til að ætla að það myndi breytast. Sjá mynd.



Japönsk stjórnvöld hafa ýmislegt reynt til að blása lífi í markað fyrir hvalaafurðir. Gefnar voru út matreiðslubækur, hvalkjöti úthlutað ókeypis til leikskóla og elliheimila, o.s.frv.

Væntingar hvalveiðimanna hér heima hafa um margt reynt [óraunhæfar](#).

Væntingar

Í yfirlýsingu sem Hvalur hf. gaf út í janúar 1983 í aðdraganda atkvæðagreiðslu á Alþingi um hvort ríkisstjórnin skyldi mótmæla hvalveiðibanninu frá 1982, segir:

Á undanförnum árum hafa að meðaltali verið unnin 138 ársverk hjá Hval hf. við veiðar og vinnslu. Yfir háannatímamann, á sumrin, starfa á milli 240 og 250 manns hjá fyrirtækinu. Á allra síðustu árum hafa verið framleidd um 8.000 tonn af afurðum á ári. Vinnsla kjöts og annarra frystra afurða til manneldis hefur farið sívaxandi. Á árunum 1980 og 1981 nam útflutningur á þessum afurðum rúmum 79% af heildarsölu fyrirtækisins. Hlutdeild hvalafurða Hvals hf. í útflutningi sjávarafurða hefur á undanförunum 10 árum numið að meðaltali 1,37%; á árinu 1981 nam þessi hlutdeild 1,54%. Á sama tíu ára tímabili hefur hlutur þessa útflutnings af heildarútflutningi landsmanna numið að meðaltali 1,02%; á árinu 1981 komst þessi talai'1,21%.¹

Síðan hefur hallað undan fæti. Þegar 1981 var búrhvalur friðaður án teljandi mótmæla frá Íslandi. Sandreyður hefur einnig dottið út af listanum, steypireyður var friðuð á 6. áratug síðustu aldar og hnúfubakur sömuleiðis. Kvóti fyrir langreyðarveiðar er nú 154 dýr á ári og hefur Hvalur hf. mest náð 148 dýrum á einni vertíð (2010) frá því að veiðar hófust á ný 2009. Til samanburðar var meðalveiði á lagreyðum frá því stórhvalaveiðar hófust frá Hvalfirði árið 1948 og fram til 1982 var 230 dýr á ári.

Árið 1983 veiddust 144 langreyðar, árið 1984 veiddust 167 og 1985, síðasta árið áður en stöðva skyldi allar hvalveiðar í hagnaðarskyni veiddust einnig 167 langreyðar. Á sama árabilið veiddust 100, 95 og 38 sandreyðar. Nú er sandreyður dottin út og einhliða kvóti Íslands upp á 154 langreyðar er umdeildur. Í stuttu þá máli notar Hafrannsóknarstofnun stuðulinn 0.6 af veiðanlegum stofni sem þýðir að Hafró telur óhætt að veiða stofninn niður í 60% af upphaflegri stærð. Hvalveiðiráðið hefur tekið mun varfærnari afstöðu og hefur samþykkt ályktun um að miða skuli við 72% af upphaflegum stofni. Munurinn er að reikniregla Hafró gefur kvóta upp á 154 langreyðar en reikniregla Hvalveiðiráðsins gefur kvóta upp á c.a. 46 dýr á ári. Þar munar rúmlega 100 dýrum og mörg aðildarríki ráðsins telja vísindaleg rök mæla gegn svo mikilli veiði.

Á árabilinu 2010 – 2014 var hlutfall hvalaafurða af útflutningsverðmæti sjávarafurða 0,67% að meðaltali og hlutfall hvalaafurða af heildarútflutningsverðmæti 0,28% að meðaltali. Veiðar á langreyðum gera vart gæfumuninn fyrir þjóðarhag.

Í Alþingistíðindum og tímarit.is má finna fjölda yfirlýsinga þar sem vísað er til efnahagslegs mikilvægis hvalveiða í lok 8. áratugar síðustu aldar og í upphafi þess 9. Sá

¹ <http://timarit.is/files/17039536.pdf#navpanes=1&view=FitH&search=%22Hvalur%22>

tími er liðinn. Í fyrirsjáanlegri framtíð er ómögulegt að gera ráð fyrir því leyft verði að veiða 3 – 400 hvali á ári.

Áhrif hvala á lífríkið

Hvalveiðar vega ekki þung í þjóðhagstólum enda hafa talsmenn þessa iðnaðar lagt mesta áherslu á áhrif hvala á lífríki sjávar. Halldór Ásgrímsson, f.v. sjávarútvegsráðherra sagði eitt sinn að

... að því væri haldið fram að ein hrefna æti jafnmikinn fisk á ári og ein trilla getur veitt á sama tíma. Munurinn væri bara sá að trillurnar á Íslandi væru ekki nema 2 þúsund en hrefhustofhinn 20 þúsund dýr.²

Segja má að í sjávarútvegsráðherratið Halldórs Ásgrímssonar hafi hvalir og selir komið í stað breskra og þýskra togara á Íslandsmiðum. Margir útgerðarmenn voru skelfingu lostnir og hafin var herferð til að fækka selum og afrán hvala varð meginröksemdin fyrir nauðsyn þess að hvergi gefa eftir í deilum um hvalveiðar. Í stað Landhelgisgæslu sem klippti trollin af breskum togurum komu hvalveiðibátar með sprengiskutul að vopni.

Til frekari glöggvunar skal bent á að á milli 1980 og 1983 var þorskveiði umfram ráðleggingar fiskifræðinga á bilinu 3 – 400 þúsund tonn.

Hlutur Hafrannsóknarstofnunar

Forstjóri Hafrannsóknarstofnunar hefur iðulega látið að því liggja að hvalir hafi veruleg áhrif á stærð nytjastofna við landið og að stjórnvöld verði að taka tillit til hvala við úthlutun aflaheimilda. Þessar fullyrðingar Jóhanns Sigurjónssonar voru þó sveipaðar dulúð. Í viðtali við fréttastofu Ríkisútvarpsins 4. september 1995 segir hann:

Það má segja að í grófum dráttum sýni niðurstöður að hugsanleg áhrif þessara helstu hvalastofna geti verið umtalsverð m.t.t. afrakstrargetu þorskstofnsins og jafnvel loðnustofnsins.

Í viðtali við sömu fréttastofu 8. mars 2004 sagði Jóhann, þá orðin forstjóri Hafrannsóknarstofnunar:

Það er í raun og veru erfitt að spá um samspil hvalastofna og fiskistofnanna, alla veganna með mikilli nákvæmni, en hins vegar liggur ljóst fyrir að hvalastofnarnir þeir eru verulegur hluti af lífkerfinu við landið. Við erum að tala um afrán hvala á fiskistofnum gæti verið af sömu stærðargráðunni og okkar veiðar, þannig að ég held að það sé mjög augljóst að það að halda þeim í skefjum, að þeir aukist ekki

² DV 17. febrúar 1989

mikið, það hlýtur að vera svona eftirsóknarvert markmið fyrir okkur sem ætlum að nýta okkar fiskistofna.

Aldrei hefur verið sýnt fram á með vísindalegum rökum að hálfkveðnar vísur af þessu tagi eigi við nokkra stoð í raunveruleikanum. Veigar á langreyðum og sandreyðum á tímabilinu 1986 – 1989 í þeim tilgangi að skoða magainnihald dýranna hafa engum niðurstöðum skilað þar að lútandi.

Í viðtali við RÚV Morgunvaktina 1. nóvember 2006 svaraði Gísli Víkingsson, umsjónarmaður hvalarannsókna Hafrannsóknarstofnunar eftirfarandi spurningu:

Jón Ásgeir Sigurðsson: Þannig að kannski er niðurstaðan, Gísli, að við vitum ekki nógu mikið til þess að geta haldið því fram að þetta [fæðuneysla hvala] hafi einhver áhrif á fiskistofnana?

Svarið var:

Gísli Víkingsson: Já, ég held að það sé niðurstaðan eins og er, að við vitum ekki nógu mikið til þess að geta sagt það með vissu þó það séu vissulega vísbendingar í þá átt frekar en hitt. En við erum langt frá því að geta sagt það með nokkurri vissu.

Arnþór Garðarsson, professor emeritus gerði enda stólpagrín að slíkum vangaveltum í [grein](#) sem hann skrifaði á visir.is 9. apríl 2010. Tílefnið skrifa hans var skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um [Þjóðhagslegt gildi hvalveiða](#).

Niðurstöður skýrslunnar eru álíka spekulatívur og ummæli Jóhanns Sigurjónssonar hér að ofan. Segir m.a. í *Samantekt á niðurstöðum*:

Miðað við ákveðnar forsendur um afrán og fæðusamsetningu hrefnu og langreyðar má ætla að hægt væri að auka afla af þorski, ýsu og loðnu umtalsvert með því að veiða 150 hrefnur og 150 langreyðar á hverju ári.

[...]

Útreikningar gera ráð fyrir að núvirtur umframhagnaður í veiðum á þorski, ýsu og loðnu af árlegum hvalveiðum geti numið um 12,1 milljarði kr. Eftir að langtímajafnstöðu er náð má ætla að árlegur viðbótarhagnaður af því að veiða 150 hrefnur og 150 langreyðar geti numið um 1,0 milljarði kr. á verðlagi dagsins í dag.

Burtséð frá þeim tölum um afrán hvala sem höfundar skýrslu Hagfræðistofnunar vitna í máli sínu til stuðnings hafa forsendur þeirra um fjölda veiddra hvala ekki staðist. Frá árinu 2009 hafa mest veiðst 81 hrefna sem var það ár en á síðasta ári var talan komin

niður í 24 hrefnur. Jafnframt hefur fyrirtækjum sem stunda hrefnuveiðar fækkað. Ekkert fyrirtæki úti á landi gerir út á hrefnuveiðar en áður fyrri voru byggðasjónarmið helstu rök þeirra sem vildu taka upp hrefnuveiðar á ný. Veiðar Hvals hf. hafa verið á bilinu 125 til 148 dýr á ári en árin 2011 og 2013 var ekkert veitt vegna markaðsbrests í Japan.

Náttúruverndarsamtök Íslands taka undir með forstjóra Hafrannsóknarstofnunar um „[mikilvægi](#) þess að við mat á heildarhagsmunum landsmanna sé stuðst við gögn og áreiðanlegar rannsóknir.” Á hinn bóginn eru getgátur hans um að „hvalveiðar skipti máli fyrir jafnvægi í lífríki sjávar.” eða að „alfriðun hvalastofna leiði til minni afraksturs fiskistofnanna.” út í bláinn og til þess eins fallið að blekkja þingmenn.

Kostnaður ríkisins

Í [skýrslu](#) sem Þorsteinn Siglaugsson, rekstrarhagfræðingur, tók saman fyrir IFAW og Náttúruverndarsamtök Íslands árið 2007 kemst höfundur að þeirri niðurstöðu að á árabílinu 1990 – 2006 hafi kostnaður ríkisins vegna hvalveiða numið 748.8 milljónum króna. Síðan þá hefur heilmikið bæst við og annar kostnaður komið í ljós sem ekki var kunnugt um á þeim tíma. Til að mynda var uppsafnaður kostnaður vegna kynningar á stefnu Íslands í hvalveiðimálum 196,9 milljónir króna árið 2006. Kostnaður sjávarútvegsráðuneytisins vegna almannatengslaskrifstofu í Washington var um 180 milljónir á ári á tímabilinu 2000 – 2009.³

Pólitískur kostnaður

Í meira en [30 ár](#)⁴ hafa Ísland og Bandaríkin deilt um hvalveiðar. Þeirri deilu hefur fylgt pólitískur kostnaður sem ekki deilist jafnt á milli aðila. Dæmi um það er að árin 1985 – 1988 varð sjávarútvegsráðherra ásamt 4 – 5 manna sendinefnd að fara til Washington til að hitta ráðamenn þar þegar að loknum ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins. Umræðuefnið var jafnan hvernig bæri að túlka ályktanir ráðsins um einhliða kvóta Íslands hverju sinni og heimkominn skýrði ráðherrann jafnan frá því hversu mikið skyldi minnka hið ‘vísindalega’ úrtak.

Áherslur Bandaríkjanna varðandi verndun og nýtingu helgast mjög af andstöðu þeirra við alþjóðlega verslun með hvalaafurðir enda amast Bandaríkin ekki við hvalveiðum

³ Bandarísk lög kveða á um að fyrirtæki sem vinna fyrir erlend ríki eða fyrirtæki verði að skila skýrslu til dómsmálaráðuneytisins um hvað þau fengu greitt fyrir og hversu mikið. Athygli vekur að fyrirtæki það er starfaði fyrir sjávarútvegsráðuneytið, Plexus, skilaði afar hroðvirknislegum skýrslum til dómsmálaráðuneytisins. Er næsta óljóst fyrir hvað Plexus fékk borgað en Steingrímur J. Sigfússon stöðvaði þessar greiðslur þegar hann tók við sjávarútvegsráðuneytinu í lok janúar 2009.

⁴ Sjá grein: [Áratuga bref um hvalveiðar](#). Kjarninn 3. apríl 2014 – vika 14.

Norðmanna þar eð veiðarnar eru ekki til útflutnings. Þetta kom berlega í ljós þegar John Kerry, utanríkisráðherra, lét þess sérstaklega getið að Íslandi hefði ekki verið boðin þátttaka í ráðstefnu hans um málefni hafsins í júní 2014. Á hinn bóginn bauð hann utanríkisráðherra Noregs, Børge Brende, að ávarpa ráðstefnuna.⁵

Lítill ríki sem vilja verja fullveldi sitt að verða að taka á sig pólitískan kostnað til að standast utanaðkomandi þrýsting til að sýna umheiminum að þau muni ekki hvika frá sjálfsákvörðunarrétti sínum. Skynsemi mælir þó svo fyrir um að stefnan verði ekki tilgangur í sjálfum sér. Hvalveiðideilur við nágranna- og vinaþjóðir hafa nú staðið í rúm 30 ár og fátt bendir til að hvalveiðar nái nokkru sinni fyrri stöðu í atvinnulífi landsmanna. Hvað þá viðurkenningu á alþjóðavettvangi.

Tilraunir stjórnvalda til að afla hvalveiðistefnu sinni stuðnings á vettvangi Norðurlandaráðs mistókst enda eiga þrjú af hinum Norðurlöndunum nú aðild að Evrópusambandinu sem hefur bannað hvalveiðar með lögum. Í Bandaríkjunum er enn í gildi lög – Pelly-ákvæðið⁶ – sem kveða á um að viðskiptaráðherra beri að senda forsetanum staðfestingu þess ef ríki brjóta gegn verndarákvæðum alþjóðlegra sáttmála. Í framhaldinu ber forsetanum að tilkynna þinginu til hvaða refsiaðgerða hann hyggist grípa gegn viðkomandi ríki.⁷

Diplómatískar refsiaðgerðir

Hinn 31. janúar 2014 sendi innanríkisráðherra Bandaríkjanna forsetanum staðfestingarkæru þess efnis að Ísland grafi undan verndun hvalastofna þar eð verslun með hvalkjöt stríði gegn samþykktum [CITES](#)-sáttmálsins.⁸ Í framhaldinu tók svo Obama forseti, öðru sinni, [ákvörðun](#) um að beita Ísland diplomatískum þrýstingi. Raunar er því haldið fram að bandarískir ráðamenn [forðist samskipti](#) við Ísland. Sjálfsagt enda hefur stjórn Obama lagt mikla áherslu á samtal og góð samskipti. Ssú staðreynd verður hins vegar ekki umflúin að allt frá upphafi deilna um hvalveiðar hefur Pelly-ákvæðið verið í gildi og það bindur hendur bandaríkjastjórnar.

CITES

Aðildarríki CITES eru nú 180 og er hann einn öflugasti sáttmálinn til verndar lífríkinu. Beggja vegna Atlantsála eru brot á verndarákvæðum CITES litin mjög alvarlegum

⁵ Um þróun umhverfisstefnu Bandaríkjanna á alþjóðavettvangi má lesa *Lawless World*, Chapter 4, Global Warming, Throwing Precaution to the Wind, Philippe Sands, Penguin Books, London 2006.

⁶ Pelly-ákvæðið eða viðbót við lög til verndar fiskstofnum var upphaflega sett til að fylgja eftir ákvörðunum um veiðibann á laxastofnum í Norður-Atlantshafi og hafði þá tilætluð áhrif.

⁷ Ath. að margir alþjóðlegir sáttmálar til verndar lífríkinu hafa engin ákvæði um stjórnun og eftirfylgni. Bandaríkin telja sér heimilt að tryggja eftirfylgni.

⁸ Convention on International Trade in Endangered Species of Wild Flora and Fauna.

augum. Langreyður og Hrafnreyður eru á lista CITES yfir dýr í útrýmingarhættu en Ísland gerði fyrirvara við þá flokkun við inngöngu og fullgildingu á sáttmálanum árið 2000. Ísland er því ekki lagalega bundið af þeirri ákvörðun og getur flutt út afurðir til Japans sem gerði sams konar fyrirvara. Engu að síður hefur þetta ákvæði CITES gert útflutning mun erfiðari en ella og í mars 2014 brá Hvalur hf. á það ráð að leigja skip og flytja afurðirnar beint til Japan héðan án umskipunar í Rotterdam eða Hamborg. Siglt var fyrir Góðravnarhöfða en ekki um Miðjarðarhaf og Súez-skurð. Ef að líkum lætur vildu eigendur farmsins ekki hætta á að verða fyrir mótmælaaðgerðum eða að flutningurinn yrði stöðvaður af aðildarríki CITES.

Stjórnámálamenn hafa lengi farið háðulegum, jafnvel fjandsamlegum, orðum um Alþjóðahvalveiðiráðið en slíkur málf lutningur gengur ekki þegar CITES er annars vegar. Leiða má líkur að því að bann við alþjóðlegri verslun með dýr í útrýmingarhættu sé mun meiri hindrun fyrir hvalveiðar en Hvalveiðiráðið. Í febrúar 2014 gaf Hvíta húsið út [stefnu forsetans](#) varðandi ólöglega alþjóðaverslun með dýr í útrýmingarhættu. Um svipað leyti var haldin í London ráðstefna um sama [málefni](#) að frumkvæði Karls Bretaprins og sona hans. Alvarleiki málsins birtist meðal annars í linnulausi drápi á filum og nashyrningum Afríku þar sem [sveitir hryðjuverkamanna](#) fjármagna aðgerðir sínar með sölu filabeina og nashyrningahorna.

Enn og aftur – íslensk stjórnvöld hafa fulla heimild til að taka hverja þá ákvörðun sem þau telja nauðsynlega fyrir hag lands og þjóðar. Á hinn bóginn leikur ekki nokkur vafi á að hvalveiðar standa í vegi fyrir því meginmarkmiði í utanríkisstefnu Íslands; að efla tengslin við Bandaríkin. Annað meginmarkmið utanríkisstefnu Íslands er hagsmunavarsla á vettvangi Norðurskautsráðsins en Bandaríkin taka við formennsku í ráðinu 1. apríl n.k.

Spurningin er hvort ekki séu brýnni hagsmunir en hvalveiðar fyrir íslensk stjórnvöld að verja. Ekki einungis hvort ávinningurinn vegi upp á móti fjárútlátum ríkissjóðs og pólitískum óþægindum. Heldur einnig hvort allur sá tími og starfskraftar sem áframhald hvalveiða felur í sér muni veikja stöðu Íslands vegna þess að önnur mál sitja á hakanum. Í [skýrslu](#) utanríkisráðuneytisins frá 1994 kemur fram að í sendiráði Íslands í Washington starfi tveir til þrjú erindrekar en í sendiráði Noregs starfi 45 manns. Fámennasta utanríkisþjónusta Evrópu verður að forgangsraða málum til að ná árangri. Þar af leiðandi er afar mikilvægt að Alþingi meti hvort hagsmunir Íslands krefjist þess að eytt sé meiri tíma og/eða fé í hvalveiðistefnum sem sigldi í strand fyrir margt löngu síðan.


Þegar hagsmunir eru vegnir

Það stóðst á endum þegar sendiherra Bandaríkjanna, James Gadsden, tilkynnti íslenskum stjórnvöldum í apríl 2003, að ákveðið hefði verið að loka herstöðinni í Keflavík, að Árni

Mathiesen, sjávarútvegsráðherra ákvað að hefja á nýjan leik. Sömuleiðis stóðst á endum að nokkrum dögum eftir að sendiherra Bandaríkjanna, Carol von Voorst, hafði undirritað samning við Ísland um frágang og lokun stöðvarinnar í Keflavík, að Einar K. Guðfinnsson, gaf út leyfi til að veiða 9 langreyðar.

Í bók sinni, *The Rebellious Ally*, rekur Valur Ingimundarson samskipti Íslands og Bandaríkjanna allt frá lokum Kalda stríðsins og þar til herstöðinni var lokað. Tímabil sem fellur saman við við þann árafjölda sem engar hvalveiðar voru leyfðar hér við land. Ætla má að hagsmunir Íslands af herstöðinni í Keflavík hafi vegið mun þyngra á metunum en að svo að skynsamlegt þætti að efna til ófriðar við stjórnvöld í Washington vegna hvalveiða.

Virðingarfyllst,
f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,

A handwritten signature in dark ink, appearing to read 'Arni Finnsson', written in a cursive style.

Árni Finnsson.

18.3.2015

34. mál

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur fagnar því að ráðist verði í greiningarvinnu til að meta raunveruleg áhrif hvalveiða í íslenskri lögsögu. Ferðapjónusta er gríðarlega mikilvæg í efnahagslífi þjóðarinnar og afþreying fyrir ferðamenn tengd hvöllum er mikilvægur þáttur í ferðapjónustu – ekki síst í Reykjavík.

Menningar- og ferðamálaráð hefur á umliðnum árum ítrekað bókað um mikilvægi þess að styðja við bakið á hvalaskoðun í Faxaflóa og að heildarhagsmunir Íslands, í ljósi stóraukins vægi ferðapjónustu og neikvæðra áhrifa hvalveiða, verði hafðir að leiðarljósi við ákvarðanatöku um framtíð veiðanna. (sjá fylgiskjal)

Fyrir hönd menningar- og ferðamálasviðs

Auður Halldórsdóttir
Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar
590-1520
Ingólfsnaust – Vesturgata 1
101 Reykjavík
www.reykjavik.is/menningogferdamal
audur.halldorsdottir@reykjavik.is

Fylgiskjal með umsögn menningar- og ferðamálasviðs um þingsályktunartillögu um mat á heildarhagsmunum vegna hvalveiða

Úr fundargerðum menningar- og ferðamálaráðs

92. fundur menningar- og ferðamálaráðs 26.02. 2009

8. Lagt fram bréf Hvalaskoðunar Reykjavíkur ehf./Elding og Hvalalífs ehf. dags. 16.2.2009, þar sem óskað eftir yfirlýsingu um stuðning við fyrirtækin vegna fyrirhugaðra hrefnuveiða í Faxaflóa.

Ráðið lagði fram eftirfarandi bókun:

Hvalaskoðun hefur byggst upp jafnt og þétt á síðustu 10-15 árum og er nú orðinn mikilvægur þáttur í ferðaþjónustu í borginni. Menningar- og ferðamálaráð telur mikilvægt að sátt náist á milli aðila er sinna hvalveiðum og hvalaskoðun, en til að svo megi verða er nauðsynlegt að hvalaskoðunin fái nauðsynlegt svigrúm og að veiðar fari ekki fram í návígi við hvalaskoðun.

158. fundur menningar- og ferðamálaráðs 16.01. 2012

4. Lögð fram að nýju ályktun SAF um stækkun griðasvæðis hvala á Faxaflóa dags. 15. nóvember 2011.

Menningar- og ferðamálaráð óskaði bókað:

Menningar- og ferðamálaráð viðurkennir mikilvægi hvalaskoðunar fyrir ferðaþjónustu höfuðborgarinnar í samræmi við Ferðamálastefnu Reykjavíkur 2011-2020.

Ráðið beinir því til sjávarútvegsráðherra að skoða alvarlega erindi SAF varðandi stækkun griðasvæðis hvala í Faxaflóa og hvetur ráðherra til að skoða hagsmuni þessarar sívaxandi greinar í ferðaþjónustu.

192. fundur menningar- og ferðamálaráðs 24.06. 2013

3. Lagt fram bréf menningar- og ferðamálaráðs til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem sent var 19. janúar 2012 með bókun ráðsins frá 16. janúar 2012 vegna ályktunar Samtaka ferðaþjónustunnar um stækkun griðasvæðis hvala á Faxaflóa ásamt ályktun Samtaka ferðaþjónustunnar dags. 15. nóvember 2011.

Menningar- og ferðamálaráð bókar að nýju svohljóðandi:

Menningar og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar ítrekar að hvalaskoðun er mikilvæg fyrir ferðaþjónustu höfuðborgarinnar og er í samræmi við Ferðamálastefnu Reykjavíkur 2011-2020. Allar hugmyndir um minnkun griðasvæðis hvala í Faxaflóa ber að íhuga vandlega þar sem ríkir hagsmunir íslenskrar ferðaþjónustu eru að veði.

214. fundur menningar- og ferðamálaráðs 26.05. 2014

Menningar- og ferðamálaráð samþykkti eftirfarandi bókun:

Menningar og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar mótmælir enn án ný minnkun griðasvæðis hvala í Faxaflóa og minnir á að gríðarmiklir hagsmunir íslenskrar ferðaþjónustu eru að veði. Hvalaskoðun er mikilvæg fyrir ferðaþjónustu höfuðborgarinnar og er í samræmi við Ferðamálastefnu Reykjavíkur 2011-2020. Fulltrúar ráðsins skora á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að endurskoða ákvörðun stjórnvalda um stækkun griðasvæðis sem samþykkt var á haustdögum 2011.

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 18. mars 2015

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mat á heildarhagsmunum vegna hvalveiða,
34. mál.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa lengi óskað eftir skoðun á skipulagi og forsendum hvalveiða með tilliti til hvalaskoðunar sem er orðin ein helsta afþreying í íslenskrri ferðaþjónustu. Á síðasta ári fóru um 230.000 ferðamenn í hvalaskoðun. Nauðsynlegt er að gera úttekt á hvort veiðar á hrefnu á eða í nálægð við hvalaskoðunarsvæðin hafa bein neikvæð áhrif á hvalaskoðun en samtökin telja að svo sé.

Öllum aðgerðum til að skoða þessi mál ofan í kjölinn er því fagnað af hálfu samtakanna.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2015

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mat á heildarhagsmunum vegna hvalveiða, 34. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn samtakanna um tillögu til þingsályktunar um mat á heildarhagsmunum vegna hvalveiða, 34. mál.

Það er skoðun samtakanna að Íslendingum beri að gæta vel að rétti sínum til nýtingar hvalastofna í íslenskri efnahagslögsögu í samræmi við ákvæði Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna. Grundvallaratriði er að landsmönnum verði hvorki meinað að nýta auðlindir hafsins á sjálfbæran hátt, né að stuðla að jafnvægi milli tegunda. Sjálfbærar hvalveiðar í samræmi við tillögur Hafrannsóknarstofnunar eru ekki aðeins mikilvægur tekjustofn, heldur skipta þær einnig miklu máli varðandi möguleika okkar á að auka veiðar á þorski, loðnu og öðrum nytjastofnum. Til lengri tíma litið er hér um að ræða tuga milljarða króna útflutningstekur á ári, til viðbótar þeirri verðmæta- og atvinnusköpun sem hvalveiðarnar færa okkur.

Meðal niðurstaðna skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2010 var að miðað við þá þætti sem skoðaðir voru var þjóðhagslega hagkvæmt að halda hvalveiðum áfram. Þessar niðurstöður gæti þó þurft að endurmeta komi síðar í ljós að veiðarnar hafi veruleg neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna. Samkvæmt hagtölum unnum af Samtökum ferðaþjónustunnar hafa aldrei jafnmargir ferðamenn sótt Ísland heim og nú og enn fleiri farið í hvalaskoðunarferðir en áður. Reynsla undanfarinna ára sýnir því að hægt er bæði að veiða hvali og skoða án þess að hvalaskoðendum þurfi að fækka.

Samtökin telja stefnu Íslands á vettvangi CITES vera skýra og hafi verið það um langa hríð. Hvalveiðar Íslendinga eru löglegar og alþjóðleg viðskipti þeirra með hvalaafurðir eru í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Hvalastofnar við Íslandsstrendur eru ekki í útrýmingarhættu heldur í stöðugum vexti og eru nú taldir nálægt upprunalegri stærð. Veiðar Íslendinga á hrefnu og langreyði eru sjálfbærar og byggja á traustum vísindalegum grundvelli. Vísindaleg gögn sýna að



langreyðarveiðar Íslendinga eru sjálfbærar engu síður en veiðar Bandaríkjamanna á norðhval (Grænlandssléttbak) við Alaska.

Það er mat samtakanna að ef gera á mat á heildarhagsmunum vegna hvalveiða þá beri að vinna faglega og með ábyrgum hætti í góðri samvinnu við þá sem að málið snertir. Samtökin eru reiðubúin til að koma að þeirri vinnu.

Virðingarfyllst,



Friðrik Friðriksson, hdl.
fh. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

